

18. desember 2012

## Tilkynning frá Aðföngum

Með hliðsjón af neytendavernd hafa Aðföng ákveðið að taka úr sölu og innkalla eina ákveðna framleiðslulotu af **HEIMA Rauðkáli** í 1010g umbúðum. Ástæða innköllunarinnar er að staðfest er eitt atvik þar sem kvarnast hafði upp úr skrúfgangi krukku og brot borist í vöruna, sem þannig skapaði hættu fyrir neytanda hennar.

Innköllunin varðar eingöngu eina framleiðslulotu rauðkálans sem auðkennd er með **best fyrir dagsetningunni 15-11-2014**. Varan var til sölu í verslunum Bónus, Hagkaupa og Stórkaup frá desember 2010 og í einstaka útibúum verslananna fram í desember 2012. Innköllunin varðar ekki framleiðslutur vörunnar með öðrum best fyrir dagsetningum.

### Upplýsingar um vöruna:

Vöruheiti: HEIMA Rauðkál

Strikamerki: 5690350050999

Nettóþyngd: 1010g

Best fyrir dagsetning: 15-11-2014

Viðskiptavinum Bónus, Hagkaupa og Stórkaupa sem keypt hafa vöruna á tilgreindri best fyrir dagsetningu er bent á að þeir geta skilað vörunni í verslunina þar sem hún var keypt gegn fullri endurgreiðslu. Aðföng biðja viðskiptavini verslananna sem orðið hafa fyrir óþægindum vegna þessa innilegrar afsökunar.

Nánari upplýsingar veitir gæðastjóri Aðfanga, í síma 530-5645 eða í gegnum netfangið [gaedastjori\[at\]adfong.is](mailto:gaedastjori[at]adfong.is)

